

171 höfnum, yrðu fyrir árásum, ef til hernaðaraðgerða kæmi milli ófriðaraðilja á sjó í 28. okt. námunda við strendur landsins.

Öll skip, þar á meðal litlir mótorbátar, sem ganga til fiskveiða, eru aðvöruð um, ef þau verða vör við hernaðaraðgerðir í nálægð sinni, hvort heldur skipsmenn sjá þessar aðgerðir eða verða þeirra áskynja með loftskeytatækjum sínum eða á annan hátt, þá verða þau að hegða sér eins og hér segir:

Skip í höfnum skulu halda kyrru fyrir og bíða fyrirskipana frá brezkum eða amerískum flotayfirvöldum á staðnum eða amerískum heryfirvöldum.

Skip, sem eru á sjó, verða að gera eitt af þrennu:

- a. sigla út á haf, svo að þau séu úr auglýsingu frá landi;
- b. kasta akkerum;
- c. nema staðar og stefna skipinu frá landi.

Aðvörun mun verða tilkynnt, ef hægt er, með fyrirskipuninni „Stand still“ (verið kyrrir).

Sérhvert skip, sem nálgast land eftir slíka aðvörun, mun verða skoðað sem óvina-skip og verður ráðist á það.

172 Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 60. tbl. Lögbirtingablaðsins, 31. okt. um að brezka sjóliðið banni skipum að leggjast fyrir akkerum á takmörkuðu svæði á ytri höfninni í Reykjavík.

Brezka sjóliðið telur nauðsynlegt að banna skipum að leggjast fyrir akkerum á neðangreindu svæði á ytri höfninni í Reykjavík (sbr. 3. gr. siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1942):

Svæði þetta takmarkast að norðan og sunnan af tveim línunum, sem hugsast dregnar frá vitanum á Faxagarði í 053° og 080° stefnur gegnum grænu og rauðu innsiglingavitana á hafnargörðunum, en að austan af eystri takmörkum hvíta ljóssins í Vatnsgeymisvitanum.

173 Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 64. tbl. Lögbirtingablaðsins, 19. nóv. um fyrirmæli brezku flotastjórnarinnar varðandi endurnýjun ferðaskírteina skipa.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. desember 1942, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.